

Nd.

611. Frumvarp

til laga um aukna löggæslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þangað sem siglingar eru mestar, skulu skipaðir löggæslumenn lögreglustjórum til aðstoðar.

2. gr.

Fyrst um sinn skulu skipaðir löggæslumenn í kaupstöðunum utan Reykjavíkur, svo og í Vestmannaeyjum, einn á hverjum stað, og skulu þeir hafa að launum 1500 kr. á ári, auk dagpeninga og ferðakostnaðar eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar.

3. gr.

Stjórnarráðið setur löggæslumönnum erindisbrjef, þar er kveðið er á um starfrækslu þeirra og starfssvið, ákveður laun þeirra og ferðakostnað og veitir þeim skipunarbrjef, að fengnum tillögum lögreglustjóra.

4. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum skal greiða úr landssjóði.